

Skólanámskrá

Tjarnarás 2025



Hafnarfjörður

Formáli

Markmið skólanámskrár Tjarnaráss er að hún sé plagg sem er leiðarljós í starfi leikskólans. Að hún sé rammi til að skipuleggja uppeldi og nám. Að hún stuðli að skilvirknu starfi og geri starfsfólk meðvitað um starfið sitt, hvernig við störfum og hvers vegna ásamt því að gera leikskólastarfið sýnilegt fyrir aðra en starfsfólk. Námskrá leikskóla gegnir lykilhlutverki í mótun náms og þroska barna, þar sem hún skapar ramma utan um daglegt starf og markmið uppeldis og menntunar. Í leikskólanum Tjarnarási endurspeglar námskráin skýrt þau gildi og þá stefnu sem lögð er áhersla á – virðingu, vellíðan, leik og fjölbreytileika. Hún er lifandi skjal sem styður við faglegt starf starfsfólks og tryggir að öll börn fái að njóta sín í öruggu, nærandi og hvetjandi umhverfi. Skólanámskrá skal endurskoða reglulega þar sem starfshættir leikskóla eru síbreytilegir þarf skólanámskráin að vera í sífelldri þróun og taka breytingum í takt við samfélagið og stefnu leikskólans.

Fyrir hönd starfsfólks Tjarnaráss

Eygló Sif Halldórsdóttir leikskólastjóri

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Inngangur	5
2. Leikskólinn Tjarnarás	5
2.1 Starfsfólk leikskóla	5
2.2 Hlutverk leikskólastjóra	6
2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna	6
3. Hugmyndafræði og stefna leikskólans	7
3.1 Leiðarljós leikskólastarfsins	9
3.2 Kennsluhættir	11
3.2.1 Leikurinn	12
3.2.2 Hópastarf	14
3.2.3 Samverustundir	15
3.2.4 Lubbi finnur málbein	15
3.2.5 Blær	16
3.2.6 Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna	17
3.2.7 Útinám	19
3.3 Sérfræðiþjónusta - Farsæld barna	20
3.3.1 Brúin	21
3.4 Jafnrétti	22
3.5 Læsi	23
3.6 Heilbrigði og velferð	24
3.7 Sjálfbærni	25
3.8 Sköpun	26
3.9 Lýðræði og mannréttindi	27
4. Samþætt og skapandi leikskólastarf	27
5. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn	28
5.1 Foreldrasamtöl	28
5.2 Samstarf heimilis og leikskóla	28
5.3 Foreldraráð	29
5.4 Foreldrafélag	29
6. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið	30
7. Mat og eftirlit	30

7.1	Ytra mat á leikskólastarfi	30
7.2	Innra mat á leikskólastarfi	31
8.	Heimildaskrá	32

1. Inngangur

Samkvæmt lögum 90/2008 skulu leikskólar gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar (lög um leikskóla 90/2008). Í lögnum segir: Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum.

Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólustefnu viðkomandi sveitarfélags (Lög um leikskóla, 14. gr. 90/2008). Skólanámskrá er unnin með hliðsjón af aðalnámskrá leikskóla, lögum um leikskóla, menntastefnu sveitarfélags, stefnu skólans og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í námskránni koma einnig fram upplýsingar um grunnþætti menntunar og þær stefnur sem leikskólinn starfar eftir, þar á meðal jafnréttisstefna, sem stuðlar að jafnrétti allra barna óháð kyni, fötlun, menningu eða öðrum þáttum. Umhverfisstefna leggur áherslu á að bæta umhverfisvitund barna og nýta náttúru og náttúruleg úrræði sem hluta af náminu. Stefna gegn einelti tryggir að leikskólinn sé öruggur staður þar sem öll börn njóti virðingar og jafnræðis. Þá verður einnig að virða réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem börn eru viðurkennd sem sjálfstæðir einstaklingar með rétt til að taka þátt í ákvörðunum sem varða þeirra líf og velferð.

2. Leikskólinn Tjarnarás

Leikskólinn Tjarnarás tók til starfa 4. september 2001 og var í upphafi rekinn af Íslensku menntasamtökunum þar til Hafnarfjarðarbær tók við rekstrinum 2. maí 2003. Starfsmannafjöldi ákvarðast af barngildum og fjölda sérkennslutíma hverju sinni samkvæmt reglugerð um starfsemi leikskóla.

Í Tjarnarási starfa leikskólakennarar og annað starfsfólk með margvíslega reynslu að baki. Deildir leikskólans eru fjórar og skiptast í yngri og eldri deildir. Eldri deildir eru Kærleiksheimar og Glaðheimar og þær yngri eru Ljósheimar og Stjörnuheimar. Í miðrými skólans eru starfsmannarými, skrifstofur og íþróttasalur.

Leikskólinn byggir starfið á hugmyndum heimspekingsins John Dewey um leikinn sem mikilvægustu námsleið barnsins. Þar er lögð áhersla á þátttöku, frumkvæði og sköpun þar sem frjáls leikur er í fyrirrúmi.

2.1 Starfsfólk leikskóla

Forsendur að farsælu leikskólastarfi byggir á mannauði leikskólans. Starfsfólk leikskóla ber að rækta starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi. Starfsfólk skal

gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki samkv. 5. gr laga um leikskóla 2008. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um börnin í leikskólanum, menntun þeirra og velferð. Á starfsfólki hvílir sú skylda að veita börnunum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði þeirra og efla frjóa hugsun (Aðalnámskrá, 2011). Starfsmannafjöldi miðast við samsetningu barnahópsins ár hvert.

2.2 Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur leiðtogi og ber honum að vera í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og aðrar áherslur er Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar leggur til. Leikskólastjóri skal stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð og hag barna og foreldra þeirra að leiðarljósi. Einnig ber leikskólastjóra að brýna þagnarskyldu fyrir starfsfólki sínu sem felst í þagmælsku um vitneskju sem það fær í starfi sínu og skal fara leynt samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns og eða eðli málsins 52.gr barnalaga, nr. 76/2003. Hlutverk leikskólastjóra er að leiða lýðræðislegt samstarf innan leikskólans og stuðla að lærdómssamfélagi þar sem faglegt starf leikskólans er reglulega ígrundað og þróað. Að auki á leikskólastjóri að sjá til þess að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að efla þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Leikskólastjóra ber að gera rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskólans í ársskýrslu og ársáætlun. Að lokum ber leikskólastjóra að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá, lögum og reglugerðum og stefnum sveitarfélagsins (Lög um leikskóla 2008/90 og Aðalnámskrá leikskóla 2011).

2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna

Leikskólakennurum og starfsfólki leikskóla ber að rækta starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi. Í starfi sínu ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki fyrst og fremst að styðja við nám barna og gæta að öryggi þeirra og velferð. Leikskólakennarar eiga að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Leikskólakennarar skulu vinna af fagmennsku, þróa hana reglulega og dýpka faglega þekkingu sína með því að fylgjast með nýjustu stefnum og straumum á sviði menntavísinda.

Leikskólakennurum ber að sjá til þess að hvert barn fái notið hæfileika sinna og að námsumhverfi sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar. Allt starfsfólk leikskólans á að koma fram við börnin af virðingu, taka tillit til þarfa þeirra og hlusta á þau. Starfsfólki ber að vinna í anda aðalnámskrár og Barnasáttmálans og tileinka sér þá sýn sem sett er þar fram til barna og hvernig þau tileinka sér að læra.

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats leikskólans. Allt starfsfólk ber ábyrgð á að fara eftir stefnu skólans og fylgja settum reglum. Starfsfólk leikskóla vinnur í samstarfi við foreldra og forráðamenn barna og situr starfsmanna- og foreldrafundi sem haldnir eru, eftir því sem við á. Starfsfólk er bundið trúnaði, sem helst þó látið sé af starfi.

3. Hugmyndafræði og stefna leikskólans

Námskrá Tjarnaráss byggir á Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum fyrir leikskóla. Í námskránni er fjallað um þau gildi sem starf Tjarnaráss byggist á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Lögð er áhersla á grunnþætti menntunar sem fram koma í Aðalnámskrá, og samþætt og skapandi leikskólastarf.



Stefna Tjarnaráss er að búa börnunum öruggt og lýðræðislegt lærdómssamfélag þar sem siðgæðisvitund barna er eflað og lagður er grunnur að því að þau verði sjálfstæðir, hugsandi, skapandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi. Litið er á **leikinn** (Dewey) sem mikilvægustu námsleið barnsins og hlutverk kennarans er að

styðja við nám barnanna í gegnum leik og umhverfi. Sýn leikskólans á börn er að þau séu fróðleiksfús, forvitin og virk í eigin lífi. Það er leikskólans að skapa öruggt og lærdómsríkt samfélag þannig að þau fái notið sín. Við viljum að það sem einkenni starfið sé að barnið sjálft sé í brennidepli í öllu leikskólastarfinu og að lögð sé áhersla

á að hvert barn sé einstakt. Að starfsfólk virði þarfir og sérstöðu hvers og eins óháð getu, reynslu og þroska. Leikurinn er námsleið barna og í gegnum hann eflist þroski þeirra og geta.



Uppeldisstefnan Tjarnaráss byggir í grundvallaratriðum á **hugmyndafræðilegum** kenningum Johns Dewey „*learning by doing*“. John Dewey (1859-1952) var uppeldisfrömuður og heimspekingur sem hefur verið skipað á bekk með stórmönnum í sögu uppeldisfræðinnar. Dewey lagði höfuðáherslu á virðingu fyrir barninu og þörfum þess og að nauðsynlegt sé að virkja hina miklu athafnapörf barnsins og vekja áhuga þess. Hann taldi að barnið ætti að læra af eigin reynslu, virkni og áhuga. Samkvæmt kenningum Dewey eru börnin virkir þátttakendur í námi sínu og hlutverk kennarans er að gera umhverfið þannig að það virki örvandi og hvetjandi fyrir börnin. Kennarinn þarf að vita hvenær hann á að taka þátt og hvenær hann á að gefa frið. Börnin eiga að geta haft áhrif á umhverfið sitt og enginn einn sannleikur er réttur. Lögð er áhersla á að kennarinn virkji athafnapörf og kveiki áhuga hjá börnunum. Barnið á að læra af eigin virkni og áhuga og áhugaverð verkefni ýta frekar undir nám. Það er því hlutverk kennarans að vekja áhuga barnsins með áhugaverðum og fjölbreyttum verkefnum. Kennarinn skal leiða barnið áfram í þekkingarleit sinni, vera til staðar og spyrja spurninga í stað þess



að gefa lausnina. Dewey barðist gegn þeirri hugsun að skólinn væri undirbúningur fyrir lífið, skólinn er lífið sjálf. Börnin eru upptekin af því sem er að gerast hér og nú, þau eru borgarar samtímans frekar en framtíðarinnar (Kristín Dýrfjörð, 2006).

Verkefni barnanna eiga að miðast að því að kanna umhverfið, spyrja, skoða og reyna. Menntun felur í sér að gera barninu kleift að öðlast meiri þekkingu (Clark, 2010; Elva Önundardóttir, 2010; Jóhanna Einarsdóttir, 2010).



Enginn einn sannleikur er réttur, kennarar eiga að leiða barnið áfram í þekkingarleit, vera til staðar og ekki gefa lausnir

Kennarinn ber ábyrgð á að gera umhverfið örvandi og hvetjandi, virkja athafnaþörf og kveikja áhuga hjá börnunum

Learning by doing:

Að læra í verki, börnin læra af eigin virkni og áhuga

3.1 Leiðarljós leikskólastarfsins

Starfsmenn leikskólans Tjarnaráss hafa sammælt um að **Virðing** og **Ábyrgð** verði þau leiðarljós/gildi sem vísi veginn í öllu starfi leikskólans. Að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum er undirstaða velgengni bæði í leik og starfi. Að vera ábyrgur táknar að aðrir geta treyst á þig. Það felur líka í sér að gera eitthvað vel og eftir bestu getu.

Ábyrgð felur í sér að taka ábyrgð á sjálfum sér og vali sínu. Sá sem tekur ábyrgð á sjálfum sér ber ábyrgð á gjörðum sínum og orðum. Við viljum byggja upp getu barna til að hafa skoðanir og færni til að tjá þær

Virðing felur í sér að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Sá sem hefur virðingu að leiðarljósi er sáttur við sjálfan sig, kemur vel fram við aðra, hlustar á þeirra sjónarmið og veit að þeir eru mikils virði.

Unnið er með þessi gildi/leiðarljós á fjölbreyttan hátt í leikskólastarfinu. Það er meðal annars gert í gegnum mottuvinnuna sem fjallað er um í kafla 3.2.1. „Leikurinn“. Með mottuvinnunni þurfa börnin bæði að sýna félögum sínum virðingu með því að trufla ekki leik þeirra, auk þess sem þau sýna ábyrgð með því að halda verkefninu sínu á mottunni. Vinnan með Blæ kemur einnig inná virðingu og ábyrgð en þar læra börnin ákveðin gildi í samskiptum og að setja sjálfum sér og öðrum mörk. Hlutverk kennara er að vera góðar fyrirmyndir, hjálpa börnunum að taka ákvarðanir og standa við val sitt. Að kenna þeim að leysa ágreining á jákvæðan hátt, auka sjálfstraust, efla sjálfsmynd og kenna góð samskipti. Við leggjum áherslu á að rækta með nemendum umburðarlyndi, víðsýni og ábyrgð ásamt virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Með því teljum við að sé lagður grundvöllur að sjálfstæðri hugsun og hæfni til samstarfs við aðra. Við viljum að börnin verði jákvæðir og sjálfstæðir einstaklingar með sterka sjálfsmynd og góða samskiptahæfni. Einstaklingar sem eru fordómalausir og með gagnrýna hugsun, skapandi og eigi auðvelt með að tjá sig. Að þau verði einstaklingar sem taki ábyrgð á eigin lífi og beri virðingu fyrir öðrum og sýni samhjálp og samkennd.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er einnig okkar leiðarljós í öllu leikskólastarfi. Öll börn eiga mannréttindi sem er mikilvægt að allir þekki. Í **Barnasáttmálanum** segir: Menntun á að gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis kynjanna og vináttu allra þjóða og þjóðernishóp (9. grein). Nánar verður fjallað um hann í kafla 3.2.6, Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna”.

Barnasáttmálinn felur í sér að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi óháð réttindum fullorðinna.

Til að börn fái notið þeirra réttinda sem þeim eru tryggð í Barnasáttmálanum verða þau sem og aðrir að þekkja inntak hans

3.2 Kennsluhættir

Notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við kennslu í leikskólanum þar sem leikurinn gegnir aðalhlutverki. Reynt er að fara fjölbreyttar leiðir og þeim breytt reglulega eftir þörfum barnahópsins hverju sinni. Á meðan við gætum notað könnunarleikinn á yngstu deildinni eitt árið þá gæti það ekki hentað það næsta o.s.frv. Því teljum við mikilvægt að hér komi fram þær grunnleiðir sem við notum en innan þeirra eru notaðar fjölbreyttar aðferðir sem aðlagðar eru að barnahópnum hverju sinni. Numicon, könnunarleikur, holukubbar, einingakubbar, ýmiskonar skapandi starf, fín- og grófhreyfivinna o.s.frv.. Starfsfólk vinnur eftir aldursskiptri námsskrá þar sem fram koma helstu markmið og leiðir að þeim fyrir hvern aldur í leikskólanum. Með þessu móti teljum við að við getum tryggt að börnin fái sambærilegt nám þvert á deildir. Einnig getum við með þessu móti byggt upp eðlilegt framhald og stíganda í námi barnanna.

Í Tjarnarási er lögð áhersla á að hafa deildir skipulagðar þannig að auðvelt sé að hafa allt í röð og reglu og í hæð barnanna. Börnin vinna á mottum, þau ná sér í mottu til að afmarka vinnusvæði sitt og til að verða ekki fyrir truflun eða raska ró annarra. Þau velja sér síðan verkefni til að vinna með á mottunum. Þau ráða sjálf hve lengi þau eru með hvert verkefni, en verða að ganga frá eftir sig áður en þau ná sér í það næsta. Þannig eru þau örvuð til sjálfstæðis og að læra að hugsa um aðra og umhverfi sitt.



3.2.1 Leikurinn

Það hefur lengi vafist fyrir bæði fræðimönnum og kennurum að skilgreina, útskýra og skilja nákvæmlega hvað leikur er, en ólíkar kenningar og skilgreiningar á leik eiga það sameiginlegt að litið er á leik sem mikilvægan þátt í menntun og þroska ungra barna.

Nokkur einkenni leiks eru að:

- leikur er sjálfsprottinn, þ.e. hann gerist sjálfkrafa og börnin móta reglurnar sjálf
- í leik fá börn tækifæri til að tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar
- leikurinn er vettvangur fyrir börnin til að þróa félags- og samskiptafærni, þau fá tækifæri til að vinna með hugmyndir sínar og gera tilraunir, öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu
- í leik þurfa börn að vinna saman, taka tillit til sjónarmiða annarra og leysa vandamál sem upp koma
- í leik eflast vitrænir og skapandi þættir, hann býður upp á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl
- leikurinn getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar

Nokkrar ólíkar gerðir leiks hafa verið skilgreindar. Frjáls leikur er hvers konar leikur sem er að frumkvæði barnanna. Þau velja sér leikefnið og eru í leiknum á eigin forsendum og honum er ekki stýrt að neinu leyti af kennara. Helstu kostir frjáls leiks eru að hann byggist á eðlislægri áhugahvöt barnsins og honum fylgir gleði og sköpun.



Jafnframt getur frjáls leikur skapað vettvang þar sem barnið finnur til frelsis til að kanna og prófa nýjar hugmyndir án þvingana frá fullorðnum og sem slíkur er hann góð námsleið fyrir börn á leikskólaaldri. Leikur getur skapað ákveðin hugarfarsleg áhrif sem eykur möguleikann til að meðtaka nýjar upplýsingar. En leikurinn er óskipulagður og tilviljunarkenndur í eðli sínu. Leikurinn er einnig einstaklingsbundinn, þau börn sem eru virk í leik verða fyrir meiri áhrifum frá umhverfinu og læra því meira en barn sem er óvirkt (Smith, 2007; Roskos og Christie, 2007). Þetta er mikilvægt fyrir kennara að vita og því leggjum við í Tjarnarási áherslu á það mikilvæga hlutverk kennara, að styðja við leik barnanna, grípa þau námstækifæri sem upp koma, veita börnunum aðgang að viðeigandi efnivið og skapa hvetjandi umhverfi fyrir leikinn. Kennarar þurfa að fylgjast með leiknum og gera skráningar og vera þannig vakandi fyrir því hvaða börn þurfa stuðning við að komast inn í frjálsa leikinn og styðja þau börn áfram til að þau komist í að prófa frjálsa leikinn. Það er einnig mikilvægt að börn fái tækifæri til að leika saman í ólíkum og aldursblönduðum hópum því börn læra leik hvort af öðru (Bodrova, 2008). Kennarar í Tjarnarási eru því vakandi fyrir að blanda börnunum innan deilda í fjölbreytta og ólíka hópa svo öll börn hafi tækifæri til að vera í leik með fjölbreyttu félagavali.

Kennslufræðilegur leikur er annað form leiks hjá leikskólabörnum, en þá er blandað saman kennslufræðilegum markmiðum og leik. Leikurinn er þá tengdur ákveðnum námsmarkmiðum í því skyni að börn öðlist jákvæða reynslu og þekkingu á merkingabæran hátt (Jóhanna Einarsdóttir, 2010). Í Tjarnarási er fyrst og fremst unnið með kennslufræðilegan leik í hópastarfi og að einhverju leyti í samverustundum. Kennslufræðilegur leikur er t.d. notaður í einingakubbum og numicon þar sem börnin eru í skapandi leik en jafnframt að læra um form, talnagildi

og önnur stærðfræðihugtök með leiðsögn kennara. Hvers kyns leikir með tungumálið má einnig flokka sem kennslufræðilegan leik, þemakassa í hlutverkaleik, regluleiki o.s.frv.



Eins og komið hefur fram er leikurinn aðal náms- og þroskaleið barna. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi leikskólans og sú kennsluaðferð sem starfið byggir á. Leikurinn er mikilvægur hluti af námsferli barna og leikur og nám eru tvö fyrirbæri sem tengjast innbyrðis. Í dagsskipulagi Tjarnaráss er gefinn ríflegur tími fyrir leikinn, jafnt úti sem inni. Leiðefnið sem boðið er upp á er annars vegar opinn efniviður s.s. einingakubbar, holukubbar, pappír, litir og ýmiskonar verðlaust efni eins og tappar, efnisbútar o.fl. Hins vegar eru í skólanum hefðbundin leikföng, s.s. kubbar, dýr, heimilisdót, spil, perlur, púsl o.fl. Áhersla er lögð á ferli leiksins fremur en útkomuna, mestu máli skiptir að leikurinn sé ánægjulegur og innihaldsríkur.

3.2.2 Hópastarf

Á hverri deild er börnunum skipt í litla hópa eftir aldri og getu. Hópastarf er tvisvar sinnum í viku og er það skipulagt af kennurum. Þar fer fram fjölbreytt nám, t.d. í gegnum myndsköpun, tónlist og leiklist, ásamt málörvun sem fer m.a. fram í formi spila, sagna og umræðna. Hópastarfið gefur kennurum tækifæri á nánari samskiptum við einstaka börn og þar með koma til móts við einstaklingsþarfir þeirra. Jafnframt er það nýtt til að leggja áherslu á og æfa almennar reglur í leikskólanum, s.s. að fara í röð, skiptast á og deila hlutum. Salurinn skiptist á milli deilda og hver deild fær salinn einu sinni í viku sem er notaður í hreyfipjálfun.





3.2.3 Samverustundir

Í samverustundum er lögð áhersla á að efla tilfinninga-, félags- og málþroska, börnin fá að tjá sig og læra virka hlustun. Samverustundir eru tvisvar á dag, á morgnanna og fyrir hádegismat ásamt lestrarstund eftir nónhressingu. Rætt er um veðráttuna, heiti dagana og mánaðanna, lesnar sögur og vísur, farið í leiki og haldið upp á afmæli svo fátt eitt sé nefnt. Sérstök áhersla er lögð á markvissa málörvun sem felst í söng, sögulestri, framsögn og fleiru. Í samverustundum er rímað, sett saman orð, klappað atkvæði ásamt fleiru sem eflir hljóðkerfisvitund barna. Samverustundir eru einnig nýttar í vinnu með Blæ og efnið sem honum fylgir ásamt Lubba.

3.2.4 Lubbi finnur málbein

Allar deildir leikskólans vinna með námsefnið Lubbi finnur málbein. Þar eru íslensku máhljóðin kennd í gegnum tónlist, hreyfitákn og með stuttum, myndskreyttum sögum. Byggir námsefnið þannig á Hljóðanámi í þrívídd, sem er hugmyndafræðileg nálgun sem höfundar efnisins, talmeinafræðingarnir Þóra Másdóttir og Eyrún Ísafold Gísladóttir hafa þróað. Felur þessi nálgun í sér samþættingu skynleiða; sjón-, heyrnar- og hreyfiskyns sem auðveldar börnunum að tileinka sér hljóðin og festa þau betur í minni.

Kennsla máhljóða eflir hljóðkerfisvitund barna og leggur grunn að lestrarnámi þeirra. Auk þess eflir námsefnið orðaforða og framburð barna. Við í Tjarnarási vinnum með þetta efni á ólíkan hátt eftir aldri og þroska barna. Á yngri deildunum, Stjörnu- og Ljósheimum er lögð áhersla á að kenna hljóðið sem stafirnir segja og táknið sem fylgir hverjum staf, auk þess er tónlistin úr námsefninu í fyrirrúmi. Á eldri deildunum, Kærleiks- og Glæðheimum er einblínt meira á stafinn, börnin finna orð sem byrja á

stafnum, lesa sögu um stafinn og ræða meira um hann. Elstu börn leikskólans, sem eru í skólahóp, fara svo í enn meiri stafavinnu. Hún felst meðal annars í því að þau æfa sig að skrifa stafinn, bæði litla og stóra, finna sjálf orð sem byrja á stafnum og teikna myndir sem byrja á stafnum.

3.2.5 Blær

Blær er táknmynd vináttunnar og samræmast einkunnarorð leikskólans einstaklega vel við Blæ. Blær er kennsluaðferð sem byggist á vináttu og virðingu. Við nýtum Blæ til að efla góð samskipti, styrkleika hvers og eins ásamt því að vinna með hópana í heild sinni. Í gegnum Blæ læra börnin að lesa úr aðstæðum, tilfinningum félagana og bregðast við þeim á réttan máta. Það er margt sem fylgir Blæ sem við nýtum okkur í starfi og leik, t.d. Stóri Blær og litlu hjálparbangsar hans sem er ætlað hverju barni, sögur, söngvar, dansar og núvitund. Börnin læra að taka ábyrgð á böngsunum sínum og eru þeir bæði sýnilegir og til taks fyrir börnin til að geta leitað sér huggunar hjá.

Markmið okkar með Blæ er:

- að umhverfi leikskólans einkennist af umburðarlyndi og virðingu
- að börnin læri að sýna hvert öðru umhyggju
- að börnin læri að bregðast við neikvæðri hegðun
- að virkja einstaklingana og gefa þeim hugrekki til að grípa inn í og verja félagasína
- að börnin læri að tjá tilfinningar sínar og finni fyrir öruggu umhverfi





3.2.6 Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, er eini alþjóðlegi samningurinn sem sérstaklega á við um börn. Samningurinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn heimsins þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu og að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi óháð réttindum fullorðinna. Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum.

Í Tjarnarási er Barnasáttmálinn hafður sýnilegur inni á öllum deildum. Innan skólans er teymi sem heldur utan um það að unnið sé með afmarkaða þætti úr Barnasáttmálanum. Markmið okkar er að börn og fullorðnir þekki Barnasáttmálann og skilji að Barnasáttmálinn kveður á um jafnræði allra barna. Að börn og starfsmenn viti að börn eigi sjálfstæð réttindi og eigi rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif og átti sig á að börn þurfa sérstaka vernd og umönnun umfram þá fullorðnu.

Við vinnum markvisst með Barnasáttmálann allt skólaárið. Við skiptum vinnunni upp í þrjú þemu og innan hvers þema eru ákveðnir áherslupættir. Hverju þema fylgir svo bókalisti og lagalisti.

Í september byrjum við á því að kynna fyrir börnum, foreldrum og starfsfólki út á hvað Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna gengur. Starfsfólk horfir á námskeið Unicef Akademiunnar, foreldrar fá sent fræðsluefni og börnin horfa á myndbandið „Ég á réttindi“.

1. Ég sjálf/ur/t og líkami minn



Fyrsta þemað á sér stað í október og nóvember. Hér er meðal annars unnið með heiti líkamshlutanna, börnin teikna sjálfsmynd, unnið er með nöfn barnanna og þjóðfána, þau velja nöfn á hópana sína og fleira. Kennarar setja alla þjóðfána hvernar deildar á blað og hengja upp á hurð deildarinnar. Svo er búinn til vináttu regnbogi sem er settur yfir nöfnin allra barnanna inni í sal. Þetta er allt gert í tengslum við ákveðnar greinar Barnasáttmálans og þær kynntar fyrir börnunum meðfram þessum verkefnum. Þá er þess einnig gætt í hverju þema að börnin fái tækifæri til að velja sér sjálf viðfangsefni og kjósa reglulega um viðfangsefni og hvaða bækur er lesið, svo dæmi séu tekin.

2. Ég sjálf/ur/t, fjölskylda og vinir

Þetta þema er á tímabilinu janúar – mars. Hér er foreldrum boðið í konudags- og bóndadagskaffi til þess að efla samstarf heimilis og leikskóla og gera starfið sýnilegra fyrir foreldra. Unnið er markvisst með vináttu í Blæ-stundum, börnin teikna myndir af fjölskyldum sínum. Við eigum í umræðum um ólík fjölskylduform og lesum bækur tengdar því.



3. Ég sjálf/ur/t og umhverfi mitt



Þetta þema er í apríl og maí. Hér er áherslan á umræður um matarsóun, flokkun á rusli, að snyrta til í okkar nánasta umhverfi og í garðinum, að skreyta garðinn, að læra að bera virðingu fyrir umhverfinu okkar og pöddunum sem fara á kreik á vorin. Elstu börn leikskólans fara jafnframt í vettvangsferðir að skoða heimili allra í

hópnum, en það er hluti af útskriftarverkefninu þeirra.

Haustið 2025 hefjum við innleiðingarferli til að verða Réttindaleikskóli UNICEF. Réttindaskólaverkefnið byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er alþjóðlegt verkefni sem snýst um að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Í því að verða réttindaleikskóli felst að byggja upp lýðræðislegt umhverfi innan leikskólans, standa vörð um réttindi barna, fræða þau um réttindi sín og styðja við þau í því ferli að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi.

3.2.7 Útinám

Í Útináms verkefnum er verið að virkja börn í samvinnu og sameiginlega ákvarðanatöku. Veturinn 2023 gerði kennari við leikskólann rannsóknarverkefni um hvernig hægt væri að nýta tæknina til að bæta dagleg samskipti á milli foreldra um útinám barna við leikskólann og var þetta ný viðbót við lærdómssamfélagið okkar. Verkefnið felur í sér að börn taka ákvarðanir um hvert þau vilja fara og hvað þau vilja gera í útiveru sinni. Þetta ferli innihélt mismunandi aðferðir, eins og að hvísla vali sínu að kennaranum eða móta röð út frá óskum þeirra, sem síðan er brugðist við sameiginlega. Þessi aðferð tryggir að rödd hvers barns heyrir og íhugi með áherslu á lýðræðislega nálgun þar sem börn læra áhrif vals síns og gildi samstöðu. Allar myndir sem teknar eru frá útikennslunni eru svo settar inn á spjaldtölvur sem eru til sýnis í fataklefunum. Foreldrar eru mjög ánægðir að fá að fylgjast með myndunum af börnunum í leik eftir hvern dag, og hefur þetta skapað miklar umræður á milli foreldra og gert um leið starfið okkar mun sýnilegra. Útinám

er frábær vettvangur til að iðka lýðræðisleg gildi með því að taka virkan þátt barna inn í ákvarðanir þess og efla þannig sjálfstæði og þátttöku barna.



3.3 Sérfræðipjónusta - Farsæld barna

Ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi þann 21. júní 2022. Markmið með lögnum er að tryggja að börn og forsjáraðilar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Fjölskyldum og börnum er tryggður aðgangur að tengilið farsældar í nærumhverfi barnsins. Tengiliður farsældar veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu og stuðlar að því að börn og forsjáraðilar hafi aðgang að þjónustu án hindrana. Til að óska eftir samþættri þjónustu geta forsjáraðilar haft samband við tengilið farsældar sem staðsettur er í leikskólanum. Tengiliður farsældar er einnig sérkennslustjóri leikskólans. Nánari upplýsingar um löginn og þjónustuna eru á heimasíðunni farsaeldbarna.is, [Farsæld barna](https://farsaeldbarna.is)

Sérkennsla í leikskólum byggir á lögum um leikskóla frá 2008, reglugerð um sérfræðipjónustu í leikskólum nr. 584/2010 og starfsreglum skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. Markmið sérkennslu í leikskólum er að tryggja að börn fái notið leikskóladvalar sinnar og fái fjölbreytilega kennslu sem taki mið af ólíkum þörfum hvers og eins barns. Sérkennslustjóri Tjarnarás hefur umsjón með sérkennslu og sér um skipulagningu, framkvæmd og endurmat, í samráði við skólastjórnendur, deildarstjóra og aðra starfsmenn sem koma að sérkennslu barna sem hljóta sérstuðnings í starfi leikskólans. Sérkennslustjóri er í samskiptum við foreldra, sérfræðinga og ráðgjafa ásamt deildarstjóra viðkomandi barns ef frávik eru í þroska barna, grunur er um frávik eða ef þörf er á stuðningi og sérúrræðum.

Inngildandi menntun er mikilvæg og vinnur leikskólinn eftir lögum þeirra en þar kemur skýrt fram að inngildandi menntun felur í sér heildstætt skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða sem fer eftir þörfum hvers barns. Menntunin byggir á þverfaglegri teymisvinnu, markvissu símati og hagnýtingu gagna til að auka skilvirkni, efla gæði starfs og styðja við farsæla skólagöngu allra barna (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).

Ýmsir skimunar- og skráningarlistar eru notaðir til þess að kortleggja færni og þroska barna. Helst má nefna eftirtalda lista:

TRAS (málþroski, framburður og leik- og samskiptafærni barna)

Orðaskil (orðaforði og setningamyndun)

Hljóm-2 (hljóðkerfisvitund barna á síðasta ári í leikskólans)

AEPS (mat á almennum þroska barna)

Íslenski Þroskalistinn/smábarnalistinn (mat foreldra á þroska barnsins)

3.3.1 Brúin

Hafnarfjarðarbær hefur þróað verklag með það að markmiði að samþætta þjónustu og efla stuðning við börn í leik- og grunnskólum. Verklagið felur í sér samvinnu sérfræðinga af mennta- og lýðheilsusviði og af fjölskyldu- og barnamálasviði og leggur áherslu á þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra á fyrri stigum. Í brúarteymi Tjarnarás sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri auk tveggja ráðgjafa, annars vegar frá mennta- og lýðheilsusviði og hins vegar frá fjölskyldu- og

barnamálasviði. Deildarstjóri situr fundi með teyminu þegar fjallað er um málefni barna á deild viðkomandi deildarstjóra. Hlutverk teymisins er að kortleggja stöðu barna og leita sameiginlegra lausna til stuðnings þeirra og fjölskyldu þeirra. Brúarteymi fjallar um nám, hegðun, þroska og/eða líðan barna með samþykki foreldra og viðunandi úrræði eru svo virkjuð til að bregðast við erfiðleikum eða aðstæðum barna. Dæmi um úrræði er að vísa börnum til talmeinafræðings vegna gruns um frávík í málþroska, til sálfræðings vegna mats á þroska eða óska ráðgjafa sem aðstoðar foreldra og forráðamenn með uppeldishlutverkið.

3.4 Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta, eins og segir í Barnasáttmálanum að öll börn skuli njóta réttinda með tilliti til kynferðis, tungumáls, trúar, ætternis, fötlunar, félagslegra stöðu, aldurs og búsetu. Barnasáttmálinn tryggir börnum rétt til þess að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem varðar þau með einum eða öðrum hætti. Taka ber tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, Barnasáttmáli). Í gegnum leikinn þjálfast félagsþroski barna, börnin þurfa að sameinast um reglur í leiknum, virða óskir og þarfir hvers annars og gæta þannig að jafnrétti. Hlutverk kennara er að vera til staðar í leiknum og fylgjast með samskiptum barnanna og gæta að jafnrétti og jafnvægi þeirra á milli.

Grunnurinn í jafnréttismenntun Tjarnarás er að leita lausna fyrir öll börn leikskólans svo þau fái notið alls þess sem leikskólinn hefur upp á að bjóða. Lögð er áhersla á að vinna gegn staðalímyndunum s.s. hvað varðar kyn, ætterni, litarhátt, þjóðerni, trúarbrögð o.s.frv. og unnið að því að ryðja úr vegi öllum hindrunum sem takmarkar aðgengi og þátttöku einstakra barna eða barnahópa í viðfangsefnum leikskólastarfsins. Í Tjarnarási er markmiðið að skapa tækifæri fyrir alla að rækta hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum. Lögð er áhersla á að allir njóti virðingar og réttar í daglegu starfi í leikskólanum og að allir fái að njóta sín á eigin forsendum. Það gerum við meðal annars með því að:

- gefa öllum börnum sama tækifæri í leik og starfi
- gefa öllum tækifæri til að tjá skoðanir sínar, raddir allra eru jafn mikilvægar og lögð er áhersla á að börnin geti hlustað hvert á annað og skipst á skoðunum
- börnin velji sér sjálf verkefni og beri ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum
- stuðlað er að samvinnu og samhjálp
- börnin fái að taka þátt í starfi deildanna með því að stjórna samverustundum, verkefnum í hópastarfi og velja hvert farið er í vettvangsferðir. Valdir eru sérstakir umsjónarmenn og veðurfræðingar
- skipuleggja nám barnanna út frá þörfum þeirra og áhuga
- fjalla um og vekja áhuga barnanna (miðað við aldur og þroska) á öðrum þjóðum og ólíkum samfélögum og hefðum, þá sérstaklega með bakgrunn barnanna sem er í leikskólanum í huga
- vanda val á leikefni og bókum
- nota myndrænt dagskipulag til að hjálpa þeim sem þess þurfa að átta sig betur á hvað er að gerast yfir daginn þannig að allir standi jafnt að vígi

3.5 Læsi

Við leggjum mikla áherslu á bókalestur og veljum efnivið sem hæfir aldri barnanna. Lestrarstundir eru á hverjum degi þar sem er rýnt í bækurnar sem lesnar eru, spurt spurninga eftir lesturinn og ný orð skoðuð sérstaklega. Við skiptum börnunum niður í hópa eftir ólíkum þörfum barnanna þar sem lesnar eru bækur sem hæfir hverju sinni. Í gegnum bókalestur eflum við orðaforða þar sem bækur innihalda fleiri og flóknari orð en notuð eru í daglegu tali. Á meðan á bókalestri stendur eru börnin hvött til að spyrja út í orð sem þau skilja ekki ásamt því að starfsfólk hvetur börnin til þess að spá fyrir um hvað gerist á næstu blaðsíðu. Bækur eru vel sýnilegar og aðgengilegar fyrir börnin og er þeim skipt út reglulega til að hvetja börnin til lesturs. Málörvun er á hverjum degi í formi söngva og leikja með tungumálið í samveru þar sem við ræðum daginn og veginn, veðrið, dagana og erum með skipulagðar Lubba stundir. Við æfum okkur í að klappa atkvæði, æfum málhljóðin og börnin fá tækifæri til frásagnar. Unnið er með hljóðkerfisvitundina t.d. samsetningu orða, orðhlutaeyðingu, rím og

hljóðgreiningu. Auk þess leggjum við reglulega inn vísur og þulur, erum með eina þulu í hverjum mánuði sem við æfum okkur sérstaklega í og förum með saman í söngstundum.



3.6 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan án tillits til félagslegrar stöðu. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt leikskólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn stórum hluta dagsins í leikskóla. Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Taka þarf mið af þessu í íþróttakennslu og öllu öðru leikskólastarfi. Í leikskólaumhverfinu þarf á sama

hátt að stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat.



3.7 Sjálfbærni

Sjálfbærni snýst um að hugsa um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Algengasti skilningurinn á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbærri þróun er að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við reynum að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Menntun til sjálfbærni samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) hefur það að markmiði að skapa samábyrgt samfélag. Það gerum við með því að þroska hvern einstakling sem virkan borgara sem hefur þekkingu á og er meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart:

- hnattrænum áhrifum okkar og jafnræði allra jarðarbúa
- náttúru og umhverfi
- lýðræði, mannréttindum og réttlæti
- jafnrétti og fjölmenningu
- velferð og lýðheilsu
- framtíðarsýn





3.8 Sköpun

Í sköpun felst að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með efnivið og leikefni á margvíslegan hátt (Aðalnámskrá, 2011). Í leikaðstæðum er sköpun stór hluti af tjáningarformi barna. Þau endurskapa það sem þau hafa upplifað þannig það verður til nýr veruleiki. Ýmsar útfærslur er á sköpun en mikilvægast er að börnin fái verkefni sem vekja forvitni og ánægju. (Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björg Mörk, 2024) Leikskólum ber að sjá börnum fyrir fjölbreyttum og opnum efnivið til sköpunar. Í skapandi starfi er athygli fyrst og fremst beint að ferli barnsins og því námi sem á sér stað fremur en afurð sköpunarinnar. Haldið er utan um ferli barnanna með uppeldislegum skráningum sem safnað er saman í persónumöppu sem hvert og eitt barn á.



3.9 Lýðræði og mannréttindi

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er sagt að kenna skuli börnum lýðræðisleg vinnubrögð. Börnin skulu hafa tækifæri til að taka þátt í áætlanagerð, ákvörðunum og mati. Börnin þurfa að finna að þau hafi eitthvað um hlutina að segja, að tekið sé mark á þeim. Settar eru fram reglur í leikskólanum sem eiga að gilda fyrir allan barnahópinn og mikilvægt er að útskýra fyrir þeim hver tilgangur þessara reglna er. Þetta telst upphaf lýðræðislegra vinnubragða sem börn þurfa smám saman að temja sér. Leikskólakennarar og annað starfsfólk spila stórt hlutverk þegar kenna skal uppeldi til lýðræðis. Fram kemur að hlutverkið sé tvenns konar; annars vegar að skipuleggja umhverfið og uppeldistarfið og hins vegar að gera sér grein fyrir hvernig uppeldisleg sýn þeirra og gildi hafa áhrif og lita starfshætti þeirra. Lýðræði í leikskólanum getur komið fram á margan hátt. Að koma fram í leikskólanum, standa frammi fyrir hópnum og láta rödd sína hljóma eru í raun að nýta lýðræði sitt. Það er ein leið til að efla börnin í að verða virkir borgarar í lýðræðissamfélagi. Allt sem fram fer í leikskólanum er í raun ein allsherjar upplifun og æfing í lýðræðislegum vinnubrögðum. Í leikskólum er lögð áhersla á félagslega hæfni barnanna. Þetta má merkja á að þættir eins og hjálpssemi og virðing fyrir öðrum er ofarlega á blaði. Þá er einnig mikilvægt að börn læri að leysa úr eigin ágreiningsefnum, lýðræði þarf að lærast. Ef við kjósum að lifa við lýðræðisleg lífsform, verðum við að ávinna okkur félagslega hæfni til að lifa í lýðræðislegu samfélagi.



4. Samþætt og skapandi leikskólastarf

Nám í leikskóla er samþætt þar sem grunnþættir náms hríslast inn í daglegt starf barna og eflir mikilvæga þroskaþætti hjá þeim. Börn læra í gegnum leik og samskipti við önnur börn með stuðningi og hvatningu frá hinum fullorðnu. Náms sviðin læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi, eru

undirstaða náms barnanna í skólanum. Þau skarast mismikið en haldast þó í hendur við daglegt líf barnanna. Markmið námsins eru í sjálfu sér þau sömu fyrir allan aldur en leiðir og áherslur breytast með aldri og þroska.



5. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn

5.1 Foreldrasamtöl

Foreldrar þekkja börnin sín best og geta því stutt við nám og skólagöngu þeirra með því að veita kennurum þeirra mikilvægar upplýsingar sem leggja grunn að námi barnsins (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Í Tjarnarási er öllum foreldrum boðið í samtöl tvisvar á skólaári. Þar gefst starfsfólki og foreldrum tækifæri til að ræða saman um þroska og færni barns sem og líðan og hegðun barnsins heima og í leikskólanum. Foreldrar geta að auki ávallt óskað eftir samtali við kennara ef þörf er.

5.2 Samstarf heimilis og leikskóla

Markmið með góðu samstarfi við alla er varðar leikskólastarfið er að vinna vel saman að gera gott leikskólastarf og samskipti betri. Gott samstarf milli foreldra og leikskóla skilar sér í öruggu og jákvæðu barni, bæði í leikskólanum og heima. Þegar börn upplifa og skynja samvinnu og jákvæð samskipti milli skólans og foreldra gefur það þeim þau skilaboð að skólinn sé staður sem foreldrarir meta og það gefur börnum jákvæða mynd af skólanum. Ef allir er koma að uppeldi og menntun barna vinna saman hefur það jákvæð áhrif á árangur nemandans. Börnum gengur almennt betur ef samvinna leikskóla og foreldra er góð og hegðunarvandamál gera síður vart við

sig. Kennarar læra leiðir að börnunum af foreldrum (Carlisle o.fl., 2005; Epstein, 1996; Lee, 2010; Simon & Epstein, 2001).



5.3 Foreldraráð

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóri ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanpágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. ([Lög um leikskóla:2008](#))

5.4 Foreldrafélag

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að skipað sé í foreldrafélagið á haustin og að lágmarki fjórir foreldrar gegna því hlutverki það skólaár. Foreldrafélagið er með umsjón yfir skipulagningu á jólafondri og sumarhátíð og kemur einnig að kostnaði við jólaskemmtun og útskriftaferð elstu barnanna. Stjórnendur leikskólans funda

reglulega með foreldrum í foreldraráði og foreldrafélagi ásamt því að eiga í reglulegum samskiptum þegar kemur að skipulagningu þessara uppbrotsdaga.

6. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Í Aðalnámskrá leikskóla segir: „Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingu fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Það hefur verið mjög gott samstarf á milli Áslandsskóla og Tjarnaráss. Á hverju ári er okkur boðið á morgunstund hjá fyrsta bekk, helgileikinn og aðrar sýningar. Á vorin er elsta árgangi leikskólans boðið í skólaheimsóknina, sem er mikilvægur liður í aðlögun þeirra á milli skólastiga. Í þeirri heimsókn mæta börnin og eru fullan skóladag inni í fyrsta bekk, taka með sér nesti, fara í íþróttir og eru í kennslustund, hádegismat og frímínútum. Sú hefð hefur skapast að Jólabball leikskólans er haldið í sal Áslandsskóla þá koma krakkar úr 6.bekk að sækja börnin og fylgja okkur yfir í sal Áslandsskóla.

7. Mat og eftirlit

7.1 Ytra mat á leikskólastarfi

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins, mennta- og barnamálaráðuneytis eða annarra aðila. Mat á skólastarfi er meðal annars ætlað að fylgjast með að ákvæði laga, reglugerða og Aðalnámskrá leikskóla sé framfylgt. Einnig er markmiðið að auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Að lokum er tilgangur matsins að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

7.2 Innra mat á leikskólastarfi

Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem við á.

8. Heimildaskrá

Bodrova, E. (2008). Make-believe play versus academic skills: A Vygotskian approach to today's dilemma of early childhood education. *European early childhood educational research journal*, 16(3), 357-369.

Carlisle, E., Stanley, L. og Kemple, K. M. (2005). Opening Doors: Understanding School and Family Influences on Family Involvement. *Early Childhood Education Journal*, 33(3), 155-162.

Clark, A. (2010). *Transforming children's spaces: Children's and adults participation in designing learning environments*. London: Routledge. Kafi 1

Elva Önnundardóttir (2010). „Þetta er besti dagur lífs míns“- Samfélagið í einingakubbum. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstj.). *John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði*. Háskólaútgáfan: Reykjavík

Epstein, J. L. (1996). Advances in family, community, and school partnership. *New Schools, New Communities*, 12(3), 5–13.

Jóhanna Einarsdóttir (2010). Reynsla og nám barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstj.). *John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði*. Háskólaútgáfan: Reykjavík

Jóhanna Einarsdóttir. (2010). *Leikur og nám á mótum skólastiga*. Reykjavík: Rannung.

Kristín Dýrfjörð. (2006). Lýðræði í leikskólum. Um viðhorf leikskólakennara. Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun. Sótt af

[\(PDF\) Lýðræði í leikskólum Um viðhorf leikskólakennara](#)

Lee, B. Y. (2010). Investigating toddler's and parent's storybook reading during morning transition. *Early Childhood Education Journal*, 38, 213-221.

Mennta- og barnamálaráðuneytið (2024). Frumvarp til laga um inngildandi menntun. Sótt af [Samráðsgátt | Mál: S-60/2024](#)

Mennta- og menningamálaráðuneytið (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík.

Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010. Sótt af [Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | Reglugerðasafn](#)

Roskos, K. Og Christie, J. (2007). Play in the context of the new preschool basics. . Í K. A. Roskos og J. F. Christie (ristjórar), *Play and literacy in early childhood – research from multiple perspectives*, (2. útgáfa) (bls. 83-100). New Jersey: Taylor & Francis group.

Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björg Mörk. (2024). Handbók um leik barna í leikskólum. Menntamálastofnun

Simon, B. S. & Epstein, J. L. (2001). School, family, and community partnerships: Linking theory to practice. Í Hiatt, M. (ritstj.). *Promising practices for family involvement in schools* (bls. 1–24). CT: Information Age.

Smith, P. K. (2007). Pretend play and children's cognitive and literacy development: Sources of evidence and some lessons from the past. Í K.A. Roskos og J.F.

Christie (ristjórar), *Play and literacy in early childhood- research from multiple perspectives* (2. Útgáfa) (bls. 3-9). New Jersey: Taylor & Francis group.